



# Viðskiptafræði með vinnu

Taktu framtíðarskref • Sameinaðu nám og vinnu

[www.vmv.hi.is](http://www.vmv.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐI MEÐ VINNU

# VIÐSKIPTAFRÆÐI MEÐ VINNU – VMV

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt námsframboð í viðskiptafræði utan hefðbundins vinnutíma. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu. Boðið er upp á fjölda stakra námskeiða í viðskiptafræði sem og þrjár stuttar námsbrautir (diplóma). Þeir sem sækjast eftir BS gráðu eða 60/120 eininga diplóma í viðskiptafræði geta fengið námskeið metin sem hluta af reglubundnu námi.

Námsbrautirnar sem boðið er upp á eru:

- Diplóma í stjórnun markaðsmála***
- Diplóma í stjórnun og stefnumótun***
- Diplóma í reikningshaldi og fjármálum***

Á hverri námsbraut eru kennd sex námskeið á tveimur misserum og jafngildir hvert námskeið 6 eininga námskeiði (ECTS) í grunnnámi háskólastigsins.

## FYRIR HVERJA ER VMV?

- Fyrir þá sem vilja taka stök námskeið í viðskiptafræði sér til endurmenntunar
- Fólk á atvinnumarkaði sem vill sérhæfa sig á ákveðnu sviði viðskiptafræðinnar (stuttar námsbrautir 36 eininga diplóma)
- Fólk á vinnumarkaði sem vill ljúka BS gráðu eða 60/120 eininga diplóma frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
- Nemendur sem vantar grunn fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði
- Nemendur í reglubundnu námi í viðskiptafræði sem vilja flýta námi

## FYRIRKOMULAG NÁMSKEIÐA

Hvert námskeið er kennt á 5 vikna tímabili og lýkur hverju námskeiði með prófi og/eða verkefni áður en næsta námskeið hefst. Nemendur sækja tíma 2–3 sinnum í viku og fer kennsla fram utan hefðbundins vinnutíma á virkum dögum og laugardögum.

Nemendahópar í VMV eru tiltölulega fámennir og býður það upp á gott aðgengi að kennurum og tengslin milli nemenda verða meiri. Nemendur eru oft og tíðum með mikla og fjölbreytta reynslu af atvinnumarkaði sem skapar mikilvæga dýpt í umræðum í kennslustundum.

Styrktu  
stöðu þína  
Sameinaðu  
nám og vinnu



# Námsbrautir og stök námskeið

HAUSTMISSERI		
Lota 1 Ágúst – október	Lota 2 Október – nóvember	Lota 3 Nóvember – desember
Vinnulag og aðferðafræði	Inngangur að stjórnun	Inngangur að fjárhagsbókhalddi
Inngangur að markaðsfræði	Rekstrarhagfræði I	Stjórnun og skipulagsheildir
Rekstrarbókhalddi	Utanríkisverslun (e)	Þjóðhagfræði I
Vinumarkaðurinn og þróun hans	Tjáning og samskipti (e)	Markaðsáætlanagerð (e)
Lögfræði B	Vörumerkjastjórnun	Einstaklingsskattaréttur

- Diplóma í stjórnun markaðsmála
- Diplóma í stjórnun og stefnumótun
- Diplóma í reikningshaldi og fjármálum
- Námskeið í viðskiptafræði

## Diplóma í stjórnun markaðsmála 36 ein.

Markmið námsbrautarinnar er að nemendur öðlist góðan skilning á þeim sérstöku viðfangsefnum er snúa að greiningu, stefnumörkun, útfærslu og eftirfylgni faglegs markaðsstarfs. Enn fremur að nemendur fái innsýn í þau fjöldamörgu viðfangsefni sem tengjast undirbúningi og framkvæmd markaðsstefnu og markaðsaðgerða. Að loknu námi eiga nemendur að:

- Þekkja helstu hugtök og aðferðir markaðsfræðinnar
- Geta framkvæmt, unnið með og túlkað niðurstöður markaðsrannsóknna
- Kunna skil á helstu aðferðum við að byggja upp virði vörumerkja
- Kunna að undirbúa og skipuleggja kynningaráætlanir
- Geta undirbúið, skipulagt og metið árangur markaðsstarfs

### Fyrir hverja?

Færni í markaðsfræði er lykilatriði í nútímarekstri og aukin krafa er gerð um að allir starfsmenn fyrirtækja taki virkan þátt í markaðsstarfinu. Í rekstri nær allra fyrirtækja þarf að horfa til margra átta, hópar viðskiptavina og hagsmunaaðila eru ólíkir og þarfir neytenda breytast hratt.

**Styrktu stöðu þína á markaði og náðu árangri á sviði markaðsmála**

## Diplóma í stjórnun og stefnumótun 36 ein.

Námsbrautin leggur grunn að hæfni nemenda og að þeir öðlist almenna þekkingu og kynnist nýjustu straumum á sviði stjórnunar og stefnumótunar. Einnig miðar námið að því að nemendur nái tökum á aðferðum og úrræðum á sviði stjórnunar og geti beitt þeim við lausn raunverkefna. Námskeiðin eru öll sniðin að því takmarki að búa nemendur undir að taka að sér ábyrgðarstörf á sviði stjórnunar og stefnumótunar. Að loknu námi eiga nemendur að:

- Þekkja til kenninga stjórnunar
- Geta greint og mótað stefnu fyrirtækis
- Þekkja vel til mannauðs og mikilvægis menningar
- Geta með gagnrýnum hætti rýnt í skipulag fyrirtækja
- Hafa tileinkað sér vinnulag verkefnastjórnunar

### Fyrir hverja?

Hæfni á sviði stjórnunar og stefnumótunar er nauðsynlegt veganesti í öllum rekstri. Námsbrautin er tilvalin fyrir þá sem vilja láta til sín taka við að móta hvernig á að koma til móts við viðskiptavinum framtíðarinnar. Ákvarðanir um framtíðina í viðkomandi rekstri eru mikilvægar og krefjandi.

**Taktu þér stöðu og skapaðu þér forsendur til að taka virkan þátt í framtíðinni**

VORMISSERI		
Lota 4 Janúar – febrúar	Lota 5 Febrúar – mars	Lota 6 Mars – maí
Stærðfræði A	UI-tölvunotkun	Lögfræði A
Rekstrarhagfræði II	Fjármál I	Markaðsfærsla þjónustu
Tölfræði A	Rekstrarstjórnun	Fjármál II
Inngangur að mannauðsstjórnun (e)	Viðskipti og alþjóðasamskipti (e)	Verkefnastjórnun
Markaðsrannsóknir	Stefnumótun fyrirtækja	Ársreikningagerð B
Reikningsskil	Ársreikningagerð A	Tölfræði B

(e) enska

## Diplóma í reikningshaldi og fjármálum 36 ein.

Með þessari námsbraut er markmiðið að veita nemendum innsýn í og skilning á fjárhagslegum þáttum í rekstri fyrirtækja, samspili þeirra og utanumhaldi. Einnig að gera nemendur færa um að taka þátt í gerð rekstrar- og fjárhagsáætlunar og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Að náminu loknu eiga nemendur að:

- Þekkja og skilja hvernig mismunandi kostnaður verður til
- Þekkja og skilja samspil tekna og kostnaðar
- Kunna og framkvæma núllpunktsgreiningu
- Skilja muninn á rekstrarbókhaldi og fjárhagsbókhaldi og samspili þeirra
- Geta lesið og túlkað ársreikninga

### Fyrir hverja?

Námsbrautin er ætluð starfsfólki í fyrirtækjum og opinberum stofnunum sem vilja auka þekkingu sína á rekstri og fjármálastjórnun. Aukin fjármálavitund á öllum sviðum atvinnulífs er sífellt mikilvægari hornsteinn velgengni.

**Náðu forskoti með því að átta þig betur á afkomu einstakra þátta í starfsemi og hvernig rekstur viðkomandi eininga þróast**





## GÆÐI OG GOTT ORÐSPOR

Nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands er þekkt fyrir gæði og hefur á sér gott orðspor. Námið veitir nemendum góða fræðilega undirstöðu, ýtir undir skapandi hugmyndir og öguð vinnubrögð. Innan Viðskiptafræðideildar er lagður mikill metnaður í að menntun nemenda, sem útskrifast frá deildinni, njóti trausts og hafi á sér öruggan gæðastimpil.

### Sandra Kr. Ólafsdóttir

Verkefnastjóri Opna háskólans í HR



„Að vera hluti af háskóla-samfélaginu hefur eflt og styrkt mig á svo margan hátt bæði persónulega og faglega, sérstaklega þar sem ég var búin að vera lengi að finna tækifæri og kjark til að láta drauminn um

háskólanám verða að veruleika.

Lotukerfið í VMV-náminu hentar mér einstaklega vel þar sem fókusinn er allur á eitt námskeið í einu og fyrirkomulagið þannig að hægt er að aðlaga námið að aðstæðum hverju sinni.

Ég sé margvíslegan ávinning af náminu, t.d. hefur það gefið mér ný sjónarhorn á viðfangsefni starfs míns út frá námsefninu. Auk þess hef ég bætt tengslanet mitt og kynnst mörgu áhugaverðu fólki.“

### Herwig Syen

Mannauðsstjóri hjá FoodCo



„VMV-námið hentar mér vel af því ég get aðlagað námið að vinnuálaginu hverju sinni. Tengslanetið sem ég hef myndað bæði við kennara og nemendur er ómetanlegt og hefur nú þegar skilað mér verðmætum í starfi. Ég get hiklaust mælt með viðskiptafræði með vinnu.“

### Jón Kjartan Kristinsson

Sölustjóri hjá Smith & Norland



„VMV-námið er mjög krefjandi en um leið áhuga-vert og skemmtilegt. Allir áfangar eru vel skipulagðir og hentar lotukerfið mér persónulega mjög vel. Ég mæli með þessu námi fyrir alla sem vilja bæta við sig

hagnýtri þekkingu, auka sjálfstraustið og hæfni í starfi.“

### María Guðmundsdóttir

Forstöðumaður einstaklingsráðgjafar Sjóváar



„Ég hef alltaf gengið með viðskiptafræðinginn í maganum en háskólanámið sat á hakanum hjá mér, þangað til ég frétti af VMV-náminu í HÍ. Ég er í mjög krefjandi starfi og hefur námið gefið mér heilmikinn styrk og sjálfstraust sem ég nýti á hverjum degi í vinnunni. Fyrirkomulagið sem HÍ býður uppá hvetur fólk eins og mig til að stunda nám með vinnu og þannig ná sér í háskólamenntun. Það sem ég tek með mér í lok dags er skemmtileg fög, vandaðir kennarar og frábær félagsskapur.“



---

## UMSÓKNIR

---

Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Þeir sem hafa ekki stúdentspróf geta sótt um inngöngu samkvæmt undanþágureglum skólans og viðmiðum Viðskiptafræðideildar.

Nemendur greiða hefðbundið skrásetningargjald í Háskóla Íslands auk þess sem greitt er fyrir hvert námskeið.

---

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ

---

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur eru samþykktar ef pláss leyfir. Hægt er að sækja um og hefja nám allt árið um kring. Allar upplýsingar um umsóknarferlið og námið má finna á [www.vmv.hi.is](http://www.vmv.hi.is).